



Sauðárkróki, 30. ágúst 2016

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Bygðastofnunar um frumvarp til laga um námslán og námsstyrki, mál 794. Umsögn þessi tekur einungis til þeirra þátta þessa mikilvæga málefnis sem lúta að tækifærum til náms óháð efnahag og búsetu.

Bygðastofnun telur að ef tryggja á jöfn tækifæri til náms án tillits til efnahags eins og kveðið er á um í 1. gr. frumvarpsins sé búseta námsmanna þáttur sem horfa þarf til. Það eru einkum tvö atriði sem stofnunin telur að huga þurfi að í þessu sambandi, námsstyrkir veittir meðan á námi stendur og endurgreiðslur námslána.

Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að greiddir verði námsstyrkir að fjárhæð kr. 65.000 á mánuði sem verði greiddir óháð búsetu nemenda. Þannig fá nemar sem búa í foreldrahúsum á stöðum þar sem háskólar eru starfræktir sama styrk og nemendur sem þurfa að sækja nám fjarri heimabyggð. Nemendur á höfuðborgarsvæðinu og að einhverju leyti á Akureyri munu væntanlega geta haft af þessu hagræði umfram þá sem koma frá öðrum landsvæðum. Lánasjóður íslenskra námsmanna veitir framhaldsskólanemum sem þurfa að sækja nám utan heimabyggðar jöfnunarstyrk (dreifbýlisstyrk) og telur stofnunin rétt að kannaðir verði möguleikar á að að sambærilegur stuðningur verði í boði fyrir háskólanema.

Að mati Bygðastofnunar er mikilvægt að taka til sérstakrar skoðunar endurgreiðslukjör námslána og þá möguleika sem kunna að felast í skilvirku fyrirkomulagi námslána til stuðnings byggðastefnu. Í gildandi byggðaáætlun fyrir árin 2014-2017 er eftirfarandi tillaga í kafla 2. Sértækar aðgerðir á varnarsvæðum, aðgerðartillaga 2.2 Stuðningur við einstaklinga, bókstafslíður c: „Kannaður verði möguleiki á því að námslán íbúa tiltekins svæðis verði afskrifuð um ákveðið hlutfall á hverju ári.“ Helstu ástæður fyrir þessari tillögu voru að þetta er talin heppileg aðgerð til að auka fjölbreytni atvinnulífs á svæðum sem eiga undir högg að sækja. Þá getur þetta verið hvati fyrir fólk sem vill búa á landsbyggðinni að námi loknu og hasla sér þar völl. Benda má á að hliðstætt fyrirkomulag gildir í Noregi þar sem hægt er að sækja um niðurfellingu á 10% námslána á ári eða að hámarki 25.000 NOK á ári ef viðkomandi býr og starfar í nyrstu héruðum landsins¹. Þá hafa norðmenn einnig farið þá leið að stuðla að búsetu tiltekinnna starfsstétta á borð við lækna og kennara í dreifbýlustu héruðum landsins með sérstökum reglum um endurgreiðslu námslána þeirra sem starfa við fagið á þessum svæðum að námi loknu.

¹ Reglur norska lánasjóðsins um endurgreiðslu <https://www.lanekassen.no/nb-NO/Toppeny/Forskifter/tilbakebetaling-2016/>.



Ef ákvæði um afskrift hluta námslána verður í lögum um námslán og lánsstyrki þarf að tilgreina til hvaða svæða hún nær. Þar væri hægt að miða við að afskrift markaðist af búsetu og vinnu utan vinnusóknarsvæða höfuðborgarinnar og Akureyrar, en þau hafa verið skilgreind sem klukkustundar akstur frá þessum stöðum.

Virðingarfyllt

Guðmundur Guðmundsson
*Sérfræðingur á þróunarsviði
Bygðastofnunar.*